

Mánudaginn 16. nóvember 1936.

Nr. 56/1936. **Bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Jóni Jónssyni.** (Pétur Magnússon).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1936: Hið umbeðna lögtak skal eigi fram fara.*

#### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að hið umbeðna lögtak verði heimilað. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 20. gr. laga um kreppulánasjóð nr. 78/1933 er ákveðið, að stjórn sjóðsins fram til 31. des. 1935 skipi þrjú menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. Að undangenginni slíkri tilnefningu var stefndi skipaður í stjórn sjóðsins og launakjör hans ákveðin 600 kr. á mánuði. Átti hann sæti í sjóðstjórninni eftir því, sem upplýst er hér fyrir réttinum, frá 1. okt. 1933 til 31. des. 1935. Þennan tíma dvaldist hann hér í Reykjavík, leigði sér hér húsnæði og keypti fæði. Hefir hann þannig, með því að taka sæti í stjórn kreppulánasjóðs, ráðið sig til fasts og fulls starfs hér í Reykjavík um rúmlega tveggja ára tíma, og verð-

ur að telja, að þessi ráðning hans og dvöl hér með þeim hætti, er fyrr segir, hafi skapað honum heimilisfestu hér í Reykjavík umrætt starfstímabil. Þar sem dvöl hans hér í Reykjavík var þannig háttað á þessum tíma, skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt hann hafi jafnframt haldið áfram búrekstri í Stóradal í Svinavatnshreppi og haft í huga að hverfa þangað aftur að loknum starfstíma sínum í Reykjavík.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að stefndi hafi verið útsvarsskyldur til bæjarsjóðs Reykjavíkur á þeim tíma, sem umrætt útsvar var á hann lagt. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hið umbeðna lögtag.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega metinn 200 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber að framkvæma hið umbeðna lögtag.

Stefndi, Jón Jónsson, greiði áfrýjanda, bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Jóni Jónssyni, bónda í Stóradal, hefir verið gert að greiða kr. 440.00 í útsvar til Reykjavíkur 1935. Af útsvari þessu hafa verið greiddar kr. 200.00, sem gjaldandi telur gert af vangá og krefst endurgreiðslu á jafnframt því að

hann neitar að greiða eftirstöðvarnar ásamt áföllnum dráttarvöxtum.

Nú hefir bæjargjaldkerinn krafizt þess, að útsvarið verði innheimt með lögtaki, og hafa aðiljar því lagt ágreininginn undir úrskurð fógataréttarins.

Gerðarbeiðandi heldur því fram í máli þessu, að gerðarþoli hafi frá því að kreppulánasjóður tók til starfa, verið búsettur hér í bænum sem einn af stjórnendum hans og hafi hann með dvöl sinni hlotið að verða talinn hér heimilisfastur við manntal 1934 og niðurrjöfnun 1935 og bú það, sem gerðarþoli rak norður í Stóradal í Svinavatnshreppi, hafi því verið heimilisfóst atvinnustofnun þar, sbr. 8. gr. a. lið útsvarslaganna nr. 46 frá 1926, og hafi því verið réttmætt að leggja útsvar á gerðarþola í Reykjavík.

Gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að hann eigi lögheimili á eignarjörð sinni Stóradal í Svinavatnshreppi, þar hafði hann átt lögheimili og á því hafi engin breyting orðið við atvinnu þá, sem hann hafði haft undanfarið við stjórn kreppulánasjóðs, enda ber manntalið í Reykjavík það með sér, að gerðarþoli hefir ávalt þau ár, sem hann hefir verið í Reykjavík sem stjórnandi kreppulánasjóðs, talið lögheimili sitt að Stóradal.

Hann mótmælir því, að hann geti fallið undir 8. gr. a. lið útsvarslaganna.

Það er eigi umþrætt í máli þessu að gerðarþoli hafi haft atvinnu í Reykjavík og dvalið þar, heldur er spurningin aðeins sú, hvort hann með þeirri atvinnu og dvöl hafi skapað sér hér lögheimili, sem hafi gefið niðurrjöfnunarnefnd rétt til þess að leggja á hann útsvar.

Það er upplýst, að atvinna gerðarþola, sem hér ræðir um, var takmörkuð við tímabil það, sem kreppulánasjóði var ætlað að starfa, en ekki verður litið svo á, að enda þótt gjaldþegn stundaði atvinnu utan lögheimilis síns að hann þurfi að flytja lögheimili sitt til þess staðar, þar sem starfið er innt af hendi, enda gera útsvarslögin ráð fyrir skiptingu útsvars milli hreppa undir vissum kringumstæðum.

Fógatarétturinn lítur því svo á, að gerðarþoli hafi eigi með dvöl sinni hér í bæ, vegna atvinnu þeirrar, sem hann hafði (sic) eigi skapað sér hér lögheimili og tekur því kröfu gerðarþola til greina um að lögtakið skuli eigi ná fram að ganga.